

Umhverfisáhrif jarðhitanytingar - Staða  
verkefnis hjá Hitaveitu Suðurnesja í lok júlí  
1994

**Hrefna Kristmannsdóttir**

**Greinargerð HK-94-06**

---

## UMHVERFISÁHRIF JARÐHITANÝTINGAR -Staða verkefnisins hjá Hitaveitu Suðurnesja í lok júlí 1994.

Eins og fram kom í síðustu greinargerð var í vor unnið að greinargerð um stöðu og langtímaáætlun um verkefnið, sem dreift til allra málsaðila í byrjun júlí. Einnig var unnið að þróun mæliaðferða á brennisteinsvetni í lágum styrk vegna gasmælinga í andrúmslofti í samvinnu við Veðurstofu og Umhverfisstofu, gerðar undirbúningsmælingar á Korpu og Írafossi fyrir uppsetningu fastra stöðva. Sömuleiðis var lokið við skýrslu um smáskjálfta- og bylgjubrotsmælingar í tengslum við niðurdælingu affallsvatns í jarðhitasvæðið við Svartsengi sumarið 1993 og skýrslan afhent á kynningarfundum þ. 9. júní s.l. með fulltrúum frá Hitaveitunni, Raunvísindastofnun og Orkustofnun.

Gasmælingastöð var sett upp í lok júlí og gengur rekstur hennar vel. Starfsmenn orkuversins sjá um að skipta um filtera einu sinni á dag og senda þá vikulega til Orkustofnunar, sem sendir svo nýja filtera til baka einu sinni í viku. Enn vantar veðurstöð í Svartsengi, sem er bagalegt við túlkun gagnanna.

Í fjarkönnunverkefni hefur áfram verið unnið að undirbúningi, en mælingar verða ekki gerðar fyrr en í lok ágúst og í september. Styrkur fékkst aftur til verkefnisins frá Rannsóknarráði ríkisins, en lægri en í fyrra og gæti það tafið úrvinnslu.

Vinna við úttekt á aðferðum við gaslosun hefur legið niðri í sumar vegna anna viðkomandi sérfræðinga við önnur forgangsverk, en vonir standa til að unnt verði að átak verði gert í því verkefni með haustinu.

Staurar með prófunarplötum voru tilbúnir í júní, en eru enn ekki komnir upp, aðallega vegna sumarleyfa starfsfólks.

Hrefna Kristmannsdóttir